

REGLUGERÐ

um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar Reykjavíkur

1. gr.

Verkaskipting milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar í Reykjavík er, sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Áfengisvarnarnefnd fer með:

- Starf til eflingar bindindisstarfsemi í Reykjavík.
- Almennt fræðslu- og upplýsingastarf um bindindis- og áfengismál.
- Eftirlit með lögboðinni bindindisfræðslu í skólum.
- Aðstoð við yfirvöld til að halda hlýðni við áfengislög og jafnframt reyna að vinna gegn ólöglegri framleiðslu og meðferð áfengis.
- Ráðgjöf um bindindis- og áfengismál. Í því sambandi skal áfengisvarnarnefnd vera umsagnaraðili um umsóknir um vínveitingaleyfi og umsóknir um endurveitingu ökuleyfa.

3. gr.

Félagsmálaráð fer með:

- Aðstoð til handa drykkjusjúkum mönnum og þeim öðrum, sem misnota áfengi. Aðstoð skal jöfnum höndum fólgin í ráðleggingum og aðstoð í persónulegum og félagslegum vandamálum sem og fyrirgreiðslu um meðferð og læknishjálp, jafnt á sjúkrahúsum og hælum sem utan stofnana.
- Aðstoð og r:íðleggingar til fjölskyldna og aðstandenda drykkjusjúkra einstaklinga.
- Uppbyggingu og rekstur þeirra vistheimila og vinnuhæla fyrir drykkjusjúklinga, sem Reykjavíkurborg kann að reka.

4. gr.

Komi upp ágreiningur um skýringar á reglugerð þessari, sker heilbrigðisráðuneyti úr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt áfengislögum nr. 82/1969 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis og tryggingamálaráðuneytið, 7. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.